

Víðidalstunga II: Fréttir september 2009 – Stóðréttir framundan

Það er nóg að gera og sólarhringurinn sjaldan nógu langur til að koma öllu í verk sem maður vildi. Sumarið er búið að vera skemmtilegt með fullt af ferðalögum bæði innan lands og utan. Framundan eru smalamennskur og ýmiss önnur verk sem fylgja haustinu.

Stóðhópar á heiðinni



Fjölbreytilegt land undir fæti og frelsið á heiðinni er næstum óendanlegt.

Enda margir á þeirri skoðun að trippi sem alast upp við þessar aðstæður séu sjálfstæðari og fótvissari en önnur.



Eitt af því sem er spennandi við haustið er að fá trippin heim af heiðinni en eins og venjulega eru stóðréttir í Víðidalstungurétt fyrsta laugardag í október. Að þessu sinni eru því stóðréttir laugardaginn 3. október.

Hrossunum er smalað í göngum um leið og kindunum er smalað í byrjun september. Þau njóta þó frelsisins svolítið lengur og eru höfð í svokölluðum heiðarlöndum þangað til daginn fyrir stóðréttir.

Á föstudeginum eru þau sótt og rekin til byggða. Fjöldi gesta kemur og tekur þátt í þessum degi með Víðdælingum ásamt því að mæta í réttina daginn eftir.

Á næstu síðu eru myndir af trippunum okkar sem eiga að mæta í réttina. Einhver þeirra eru örugglega til sölu og endilega hafið samband ef áhugi er á að skoða þau. Hvort sem er í réttinni eða eftir að þau eru komin heim.

Trippin okkar 2009

Hraundal (jarpur) og Þráður (jarpskjöttur),
báðir fæddir 2008, í hópi trippa



Viltu skoða ættir
þeirra? Smelltu þá
hérna (skjal með
hræktunahryssum
okkar og afkvæmum
þeirra)!

Fluga, Rós (2007), Skíma (2008),
Pia (2005), Birna (2008)



Daivar (2008), Djásn (2007),
Jódís (2006)



Myrkvi (2007), Erna (2008),
Spurning (2007)



Við erum líka með folöld og tamda hesta til sölu (smelltu hérna).

Til að hafa samband smelltu **hérna** eða hringdu í 451 2779 (heimasími) eða 848 0003 (Ingvar) eða 863 6016 (Árborg).